

179. fundur.

Fundur stjórnar á skrifstofu SORPU bs, fimmtudaginn 11. apríl 2002, kl. 08:30.

Mættir eru: Þuríður Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Ingibjörg Hauksdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Auðunn Karlsson, Ragnhildur Helgadóttir og Inga Jóna Þórðardóttir. Framkvæmdastjóri Ögmundur Einarsson.

Tekið fyrir:

1. **Skoðanakönnun meðal fyrirtækja – Niðurstöður.**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir “Skoðanakönnun fyrir SORPU bs.- Niðurstöður” unna af IMG – stjórnunarfræðslu í mars 2002.
2. **Eyðing trúnaðarskjala – Breyting á þjónustu.**
Framkvæmdastjóri leggur til að SORPA bs hætti frá og með 1. júlí 2002 eyðingu trúnaðarskjala samkvæmt framlögðu minnisblaði.
Stjórn samþykkir minnisblað framkvæmdastjóra.
3. **ESB reglugerðir.**
Framkvæmdastjóri kynnir nýjar og komandi ESB – reglugerðir svo sem urðunartilskipunina.
Framkvæmdastjóri kynnir hver staða höfuðborgarsvæðisins er til þess að uppfylla reglugerðir ESB.

Ragnhildur Helgadóttir fer af fundi.
4. **Önnur mál.**
 - a) Stjórn samþykkir að veita stjórnarformanni, Ingu Jónu Þórðardóttur umboð til þess að fara með atkvæði SORPU bs á aðalfundi Efnamóttökunnar hf. og aðalfundi Metan hf.
 - b) Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra Ögmundi Einarssyni umboð til þess að fara með atkvæði SORPU bs. á aðalfundi Kjötmjöls ehf.
 - c) Lagt fram bréf frá Efnamóttökunni hf, dags. 09.04. 2002 þar sem spurt er hvort SORPA bs hafi hug á að beita forkaupsrétti sínum á hlutabréfum í Efnamóttökunni hf að andvirði 3.2 milljónir.
Stjórn samþykkir samhljóða að nýta ekki forkaupsréttinn.

- d) Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu númer 36, apríl 2002.
Þar er kynnt: Magntölur, vigt í Álfsnesi, rein 7 í Álfsnesi og viðbótarhæð í Efnamóttökuhúsi.
- e) Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu útboðs á tryggingum fyrirtækisins.

Næsti fundur fimmtudaginn, 30. maí kl. 08:30. Fleira ekki tekið fyrir.
Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Inga Jóna Þórðardóttir
Ingibjörg Hauksdóttir
Guðný Halldórsdóttir
Auðunn Karlsson

Sigurrós Þorgrímsdóttir
Ragnhildur Helgadóttir
Þuríður Jónsdóttir
Ögmundur Einarsson